

# Lög

## um breyting á ýmsum lögum vegna breytts fyrirkomulags á skráningu og þinglýsingu skipa.

### I. KAFLI

#### Breyting á þinglýsingalögum, nr. 39/1978, með síðari breytingum.

##### 1. gr.

Í stað orðsins „rúmlestir“ í 40. gr. laganna kemur: brúttótonn.

##### 2. gr.

Í stað orðsins „rúmlestir“ í 41. gr. laganna kemur: brúttótonn.

##### 3. gr.

2. mgr. 42. gr. laganna orðast svo:

Nú er skrásett skip er þessi kafli laganna tekur til flutt á milli umdæma. Verður þá aðgangur þinglýsingarstjóra í því umdæmi sem skip er flutt til virkur eftir umskráningu skips í aðal-skipaskrá. Þinglýst skjöl um skipið skulu vera aðgengileg á tölvutæku formi í skipabók þinglýsingarstjóra.

##### 4. gr.

Fyrirsögn V. kafla laganna verður: **Þinglýsing um skrásett skip, 5 brúttótonn og stærri.**

##### 5. gr.

Í stað orðanna „5 rúmlestir“ í 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. 43. gr. laganna kemur: 5 brúttótonn.

##### 6. gr.

Í stað orðanna „5 rúmlestir“ í 44. gr. laganna kemur: 5 brúttótonn.

##### 7. gr.

1. mgr. 45. gr. laganna orðast svo:

Nú er skráð skráningarskytt skip innan 5 brúttótonna flutt á milli skráningarumdæma. Verður þá aðgangur þinglýsingarstjóra í því umdæmi sem skip er flutt til virkur eftir umskráningu skips í aðal-skipaskrá. Þinglýst skjöl um skipið skulu vera aðgengileg á tölvutæku formi í skipabók þinglýsingarstjóra.

8. gr.

Fyrirsögn VI. kafla laganna verður: **Þinglýsing um skrásett skráningarskyld skip minni en 5 brúttótonn.**

## II. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 115/1985, um skráningu skipa, með síðari breytingum.**

9. gr.

3. mgr. 13. gr. laganna orðast svo:

Nú veldur hið nýja heimilisfang því að skip er flutt á milli þinglýsingaumdæma. Verður þá aðgangur í skipabók þinglýsingarstjóra í því umdæmi sem skip er flutt til virkur eftir umskráningu skips í aðalskipaskrá. Réttaráhrif þinglýsingar rofna ekki vegna flutningsins.

## III. KAFLI

**Breyting á siglingalögum, nr. 34/1985, með síðari breytingum.**

10. gr.

Í stað orðanna „5 rúmlestir“ í 3. gr. laganna kemur: 5 brúttótonn.

## IV. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 90/1991, um nauðungarsölu, með síðari breytingum.**

11. gr.

Í stað orðsins „rúmlestir“ í 2. mgr. 17. gr. laganna kemur: brúttótonn.

## V. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum.**

12. gr.

Í stað orðsins „brúttósmálestum“ í 1. mgr. 16. gr. laganna kemur: brúttótonnum.

## VI. KAFLI

**Gildistaka.**

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2008.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Fyrir 1. september 2008 skulu sýslumenn hafa skráð og skannað allar gildandi þinglýstar upplýsingar um skip í tölvufært þinglýsingarkerfi. Fram til þess tíma er þinglýsingarstjóra í því umdæmi sem skip er flutt frá þó áfram heimilt að senda þinglýsingarstjóra í umdæmi því sem skip er flutt til öll skjöl sem í gildi eru um skipið, en staðfest endurrit eða ljósrit ef um er að ræða skjöl sem bundin hafa verið í afsals- og veðmálabækur fyrir gildistöku laga þessara.

---

*Samþykkt á Alþingi 29. maí 2008.*